

Fundargerð

Fundur var haldinn í Íslenskri málnefnd í fundarsal mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sölvhólsstötu 4, 4. hæð þriðjudaginn 17. október og hófst hann kl. 15:30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Bjarki Karlsson, Eiríkur Rögnvaldsson, Guðrún Rögnvaldardóttir, Haraldur Blöndal, Hilmar Hilmarsson, Jóhann R. Kristjánsson, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Steinunn Stefánsdóttir, Sölvi Björn Sigurðsson og Þórhildur S. Sigurðardóttir. Ásta Kristín Benediksdóttir og Brynhildur Þórarinsdóttir boðuðu forföll. Iuliana Kalenikova var fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Sigurðar Pálssonar minnst

Í upphafi fundar bað formaður viðstadda um að rísa úr sætum til að minnst Sigurðar Pálssonar rithöfundar sem sat tvö tímabil í Íslenskri málnefnd.

2. Málræktarþing í nóvember

Málræktarþing verður haldið miðvikudaginn 15. nóvember kl. 15:30 í Þjóðminjasafninu og verður með hefðbundnu sniði, þ.e. kynnt verður ályktun ÍM fyrir 2017, veitt verður viðurkenning og haldin erindi. Í ár fjallar málræktarþingið um mikilvægi ritunar í skólakerfinu. Eftirtaldir halda erindi á málræktarþinginu: Svanhildur Sverrisdóttir, Baldur Sigurðsson, Höskuldur Þráinsson, Þórdís Edda Jóhannesdóttir og Eliza Reed en þar sem hún verður ekki á landinu þennan dag verður erindi hennar tekið upp áður og flutt á málþinginu í gegnum fjarfundarbúnað.

3. Ályktun Íslenskrar málnefndar 2017

Ármann kynnti ályktun ÍM um stöðu íslenskrar tungu sem í ár snýst um að auka vægi ritunar á íslensku hjá ungmennum. Farið var nákvæmlega yfir allt skjalið á fundinum og það betrubætt.

4. Staða skólabókasafna

Þórhildur kynnti úttekt sem hún hafði gert fyrir ÍM um stöðu skólabókasafna. Í ljós kom að ástandið er misjafnt. Fjárveiting til safnanna er í höndum skólastjórnenda og undir þeim komið hve mikið fé starfsfólk á skólasöfnum fær til efniskaupa. Einn skóli getur fengið 100.000 kr. til bókakaupa en næsti skóli jafnvel eina milljón kr. Starfsmönnum skólasafna þykir vanta sýn og heildarstefnu enda þótt þeir telji fullvíst að kennurum þyki almennt skólasöfnin mjög mikilvæg. Það vantar enn fremur meira efni, t.d. léttlestrarefni fyrir unglunga og fræðsluefni á íslensku í flestum greinum. Nokkuð er um endasleppar sérur, þ.e. að útgefandi byrjar að gefa út bókaflökk en hættir í miðju kafi. Hvatningu vantar fyrir íslenska fræðimenn að skrifa fyrir börn og unglunga og öflugra styrki til að þýða gott efni fyrir þennan markhóp.

5. Væntanlegt þing í febrúar

ÍM hafði áætlað að halda málþing í febrúar um lestur ungmenna og skort á bókum fyrir þann aldurshóp. Nýlega var haldið málþing um sama efni sem Samtök íslenskra unglunga- og barnabókahöfunda (SÍUNG), Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og Menntamálastofnun stóðu að og annað málþing var haldið í vor um þetta efni í Gerðubergi. Af þessum ástæðum íhugar ÍM að hætta við málþingið.

ÍM stefnir að því að funda með fulltrúum atvinnulífsins um vaxandi ágang ensku og kanna áhuga á sameiginlegum aðgerðum. Formaður greindi frá því að ÍM hefði sent ýmis bréf en lítið hefði verið um viðbrögð þar sem bent væri á lög um stöðu íslenskrar tungu. Síðast sendi formaður bréf í gær (16. október) til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og óskaði eftir viðbrögðum við bréfi rituðu í júní 2016 til Ólafar Nordal, þáverandi innanríkisráðherra, og jafnframt ritaði hún 2016 bréf til Björns Óla Haukssonar, forstjóra Isavia, þar sem bent var á íslenska málstefnu og gerðar voru athugasemdir við skilti á Keflavíkurflugvelli en þar er enska fyrsta mál og meira áberandi en íslenska. Engin viðbröð hafa borist hafa borist við skrifum ÍM til Isavia og ráðuneytisins.

6. Önnur mál

a) Samfélagsmiðlar

Eiríkur spurði um það hvort ÍM ætti ekki að virk á samfélagsmiðlum. Hann benti á að þá væru fjölmiðlar oft fljótir að taka upp málin. Ármann nefndi að málnefndin hefði sett mynd af bréfi, sem hún sendi, á Twitter og það hefði samdægurs komið á Vísir.is.

b) Upplýsingar um fulltrúa í ÍM á heimasíðunni *islenskan.is*

Þórhildur vakti athygli á því að á heimasíðu Íslenskrar málnefndar, *islenskan.is*, væri erfitt að finna hverjir væru fulltrúa. Ritari tók að sér að kanna þetta og bendir á að þessar upplýsingar eru undir flípanum „UM ÍM“ á heimasíðunni: <http://islenskan.is/um-islenska-malnefnd>.

c) Málnefnd Háskóla Íslands

Eiríkur, sem er formaður Málnefndar Háskóla Íslands, sagði frá því að hann hefði haft samband við Guðmund H. Kjærnested, sviðsstjóra nýs upplýsingatæknisviðs Háskóla Íslands, og að hann hefði m.a. tekið vel í að hafa íslenskt viðmót á tölvum Háskóla Íslands.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16.50.

Guðrún Kvaran
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.